

Stefnuyfirlýsing um
nám fullorðinna

á 21. öldinni:

Krafturinn og gleðin af því að læra



EUROPEAN ASSOCIATION FOR
THE EDUCATION OF ADULTS



Stefnuyfirlýsing um
nám fullorðinna
á 21. öldinni:

Krafturinn og gleðin af því að læra

Með þessari stefnuyfirlýsingu leggja Evrópusamtök um fullorðinsfræðslu (EAEA) til að sett verði á laggirnar „Evrópa í námi“: Evrópa sem getur tekist á við framtíðina á jákvæðan hátt og með nauðsynlegri leikni, þekkingu og færni að vopni. Samtökin leggja til aðgerðir á Evrópuvísu til þess að taka skref í átt að þróun þekkingarsamfélags sem getur tekist á við áskoranir okkar tíma. Þetta kallar á sjálfbæra fjármögnun fullorðinsfræðslu – á Evrópuvísu, hjá löndunum sjálfum og á svæðis- og staðbundnu stjórnstigi. Til lengri tíma litið mun slík ráðstöfun borga sig á margan hátt: í samkeppnihæfni, velferð, heilbrigði íbúa, vexti, jafnrétti, sjálfbærni og fleiru.

Fullorðinsfræðsla breytir lífi fólks og umbreytir samfélögum – í henni felast mannréttindi og almannaeign. Að mati EAEA þarf að efla fræðslu og nám fullorðinna í Evrópu. Þessi stefnuyfirlýsing varpar ljósi á það, í stórum dráttum, hvernig fullorðinsfræðsla

leggur sitt af mörkum til jákvæðrar þróunar í Evrópu. En til að svo megi verða, þarf að tryggja opinbert fjármagn til að viðhalda fullorðinsfræðslustofnunum og styðja við fullorðna námsmenn. Nám fullorðinna þarf einnig að verða hluti af heildarstefnu í menntamálum, menntun frá vöggu til grafar, þar sem tekið er tillit til og jafnræði ríkir milli allra atvinnugreina og tegundar náms (formlegt nám, óformlegt og formlaust).

Með þessari stefnuyfirlýsingu vill EAEA undirstrika hina ummyndandi möguleika fullorðinsfræðslunnar annars vegar og hins vegar hina jákvæðu reynslu af námi. Virði náms er ekki alltaf augljóst, til dæmis vegna slæmrar reynslu úr skóla eða sökum skorts á peningum eða tíma. EAEA leggur áherslu á jákvæð áhrif og ávinning fullorðinsfræðslu enda telja samtökin það vera bestu leiðina til að laða til náms þá sem helst eru afhuga því.

Áskoranir og svör

Fullorðinsfræðsla er lykillinn að því að takast á við nokkrar helstu áskoranir í Evrópu nú á dögum. Ójöfnuður vex í Evrópu, ekki aðeins meðal fólks heldur einnig á milli svæða og landa innan Evrópu. Sífelld fleiri Evrópubúar virðast efast um evrópsk gildi og frjálslynt lýðræði með því að kjósa flokka sem ala á útlendingahatri og andúð á sameinaðri Evrópu. Það er afar mikilvægt að virkja fólk til lýðræðislegrar þátttöku með fullorðinsfræðslu.

Lýðfræðileg samsetning samfélagsins í Evrópu er að breytast – fólk verður eldra en áður og vill þess vegna vera virkt og heilbrigt lengur. Á mörgum svæðum og í löndum þar sem miklar breytingar á atvinnutækifærum hafa orðið og fáir möguleikar gefast til endurmenntunar er atvinnuleysi mikið, einkum meðal hinna yngstu og elstu á vinnumarkaði. Vaxandi notkun stafrænna lausna krefst nýrrar leikni og færni fólks á vinnumarkaði, hins almenna borgara og neytenda. Miklir fólksflutningar hafa orðið í Evrópu sem hefur reynt verulega á stjórnsýslu

Evrópulanda og samheldni þeirra. Þetta hefur annars vegar leitt til mikils stuðnings frá borgurum Evrópulanda en hins vegar einnig til andstöðu og jafnvel hatursfullra viðbragða gagnrýnenda. Loftslagsbreytingar og önnur umhverfisleg vandamál munu áfram ógna framtíð (ekki eingöngu) í Evrópu og krefjast sjálfbærari hagkerfa, lífsstíls og samfélaga¹.

Með fullorðinsfræðslu má hafa jákvæð áhrif á mörg þessara mála. Fræðslan nýtist einstaklingnum en einnig samfélaginu og hagkerfinu. Viljum við framsækna, sjálfbæra Evrópu með auknu jafnrétti þar sem íbúar taka virkan lýðræðislegan þátt, þar sem fólk hefur leikni og færni til að lifa og starfa á heilbrigðan og virkan hátt og taka þátt í menningarlegu og félagslegu starfi allt frá unga aldri til hárrar elli? Hér á eftir setur EAEA fram rök, niðurstöður rannsókna, dæmi og frásagnir námsmanna sem sýna afstöðu samtakanna (þemun eru ekki sett fram í neinni sérstakri röð).



Lykilþættir (óformlegar) fullorðinsfræðslu¹

- Fullorðinsfræðsla er í almannapágu og hún umbreytir lífi fólks og samfélögum.
- Allir ættu að eiga rétt á og eiga kost á að sækja sér framúrskarandi fullorðinsfræðslu.
- Allir geta lært, óháð aldri og bakgrunni.
- Hvatt er til þátttöku allra en þó sérstaklega þeirra sem hafa litla grunnleikni.
- Lykilþáttur í fullorðinsfræðslu er að ná til námsmanna sem standa höllum fæti til að vinna gegn „Matthew“ áhrifunum².
- Hinn fullorðni námsmaður er í forgrunni hvað varðar þróun, aðferðafræði, ferli og útkomu námsframboðs.
- Valdeflandi óformlegar aðferðir fullorðinsfræðslunnar virkja sköpunargleði og fyrirliggjandi þekkingu og leikni námsmanna og veita hvetjandi námsupplifun.
- Nauðsynlegt er að hafa faglega leiðbeinendur, kennara og annað starfsfólk sem notar viðeigandi aðferðir til að skapa framúrskarandi námsskilyrði og veitir árangursríka námsupplifun.
- Uppbygging á færni og nýbreytni í skipulagi fullorðinsfræðslu er nauðsynleg til að aðlagast og sjá fyrir breytingar á námi, kennslu og þörfum námsmanna, en einnig þróun samfélaga og hagkerfa.
- Samstarf (svæðisbundið, á Evrópuvísu, á alþjóðavísu og á milli stofnana) er áriðandi fyrir sýnileika fullorðinsfræðslunnar en einnig fyrir jafningjafraðslu og yfirfærslu á nýjungum.



1) Áhersluatriðum er ekki raðað í röð eftir mikilvægi enda lítur EAEA svo á að þau séu öll jafn brýn.

2) Þetta vísar til þeirrar staðreyndar að fólk með lága menntunarstöðu virðist fá færri námstækifæri heldur en aðrir á fullorðinsaldri.

Virk borgaravitund og lýðræði



EAEA og aðildarfélög þeirra eru einhuga um stuðning við Evrópu og evrópsk gildi. Samtökin telja að lýðræði, samtal milli menningarheima, samfélagslegt réttlæti og samvinna séu lykillinn að þeirri Evrópu þar sem virðing, þátttaka og samheldni ríkir. Lýðræði og fullorðinsfræðsla í Evrópu eiga sér sameiginlegar rætur og sögu. Fullorðinsfræðsla hafði veruleg áhrif á þróun lýðræðissamfélaga í Evrópu, en um leið höfðu lýðræðishreyfingar áhrif á stofnanir fullorðinsfræðslunnar. Mörg samtök um fullorðinsfræðslu eru sprottin úr jarðvegi baráttuhreyfinga um mannréttindi (verkamanna, kvenna, trúarhreyfinga o.s.frv.).

Fullorðinsfræðsla er tækið til að þróa gagnrýna hugsun og valdeflingu, þróa líflegt og hvetjandi samfélag sem og þekkingu og verkkunnáttu. Fullorðinsfræðsla gefur líka svigrúm til að þroska virka borgaravitund. Við

þurfum fullorðinsfræðslu til að endurspegla samfélagsaðstæður og áskoranir, til þess að læra af áberandi evrópskum málefnum svo sem aukinni róttækni, fólksflutningum og samfélagslegum ójöfnuði. Þessi málefni hafa sýnt að efla þarf lýðræðisleg viðhorf, umburðarlyndi og virðingu. Gagnrýnin hugsun er forsenda aukins skilnings í stafrænni veröld, sem krefst mikillar hæfni í fjölmiðlalæsi.

Fullorðinsfræðsla styrkir og endurnýjar borgarasamfélagið með því að efla ábyrgðartilfinningu og þá tilfinningu að tilheyra Evrópu og lýðræðislegri hefð. Þátttökulýðræði verður einungis mögulegt með almennri þátttöku og að allir hagmsunaaðilar leggi sitt af mörkum til ákvarðanatöku og málefnalegar gagnrýni á pólitísk og samfélagsleg málefni.





Niðurstöður rannsókna

Preston (2004) greindi áhrif fullorðinsfræðslunnar á borgaralegt líf þátttakenda og á mótun gilda, einkum umburðarlyndis. Þátttaka einstaklinga í menntun hefur forspárgildi um þátttöku á opinberum vettvangi vegna þess að „því meira sem námsmenn gefa sig að eigin menntun, þeim mun viljugri eru þeir almennt til að taka að sér hlutverk á opinberum vettvangi“. Fullorðinsfræðsla dregur þar að auki úr kynþáttafordómum og ýtir undir kosningaþátttöku. Preston komst að því að nám hefur áhrif á óformlega og formlega samfélagsþátttöku. Það hjálpar einstaklingunum að byggja upp, viðhalda, greina í sundur, endurbyggja og auðga tengslanet sín. Að auki hefur nám áhrif á mótun gilda. Til dæmis greindu svarendur frá breyttum viðhorfum gagnvart umburðarlyndi, skilningi og virðingu. (<http://discovery.ucl.ac.uk/10015019/>) OECD hefur einnig greint borgaralega og félagslega virkni sem afurð náms. (<http://www.oecd.org/education/cei/understandingthesocialoutcomesoflearning.htm>).



Gott verklag

Í úkraínska verkefninu Svæðisbundnar raddir lýðræðis: Tæki til samtals í heimahéraði, stofnaði Félag um sjálfbæra þróun í Mykolaiv-héraðinu til skoðanaskipta um orkunotkun í samfélaginu. Í verkefninu tóku aðgerðasinnar, fulltrúar sveitarstjórnar og staðarfjölmiðlar þátt. Samtalið fór fram, með þátttöku ýmissa hagsmunaaðila, í gegnum fræðsludagskrá og með nokkrum námskeiðum um vistkerfið og hvernig spara má orku til hagsbóta fyrir þróun svæðisins. Aukinn skilningur á vægi fullorðinsfræðslu meðal borgaranna hefur leitt til þess að ýmis konar fræðlumál hafa verið innleidd í víðtækari áætlun um skipulag svæðisins (2018-2026). Þetta er fyrsta dæmið í Úkraínu um fullorðinsfræðslumiðstöð sem nýtur fulls stuðnings sveitarfélags og er þannig orðin hluti af aðgerðaáætlun samfélagsins.

Heilsa og velferð



Töluverður ójöfnuður er í heilbrigðismálum sem hefur áhrif á lífslíkur. Þetta á líka við í löndum þar sem jöfnuður er sem mestur þó bilið sé minna þar. Heilsa og menntun tengjast: Að huga vel að heilsu sinni og velferð alla ævi krefst þekkingar, leikni, tiltekinnar hegðunar og viðhorfa sem einstaklingur tileinkar sér í lífinu. Lýðheilsa veltur því á námi alla ævi.

Nám veitir fólki meira sjálfstraust, meiri sjálfsþekkingu, meiri vitund um eigin getu og leikni og aukna getu til að stjórna eigin lífi og heilsu. Námskeið fyrir fullorðna skapa tækifæri til að efla persónuleg tengsl og styrkja félagslegt tengslanet sem er forsenda velferðar. Þessir kostir auka ekki einungis persónulegan þroska og lífsfyllingu

viðkomandi einstaklings heldur hafa þeir einnig mjög jákvæð áhrif á starfsævi hans.

Arðsemi heilsutengdrar fræðslu er mikil þar sem lýðheilsa batnar og kostnaður við rekstur heilbrigðisþjónustu lækkar og þjóðartekjur hækka þar sem heilbrigðari þjóð vinnur betur og lengur. Þess vegna kemur fræðsla um heilsutengd málefni öllum við, ekki einungis viðtakendum fræðslunnar (t.d. sjúklingum og námsmönnum) heldur einnig fræðsluáðilum (svo sem heilbrigðisstarfsfólki og kennurum). Fræðslan er ekki sjálfstæð eining sem slík heldur er hún viðfangsefni sem tengist þvert á önnur svið og ber að viðurkenna sem slíka.



Niðurstöður rannsókna

Í þriðju heimsskýrslu UNESCO um fræðslu og menntun fullorðinna (GRALE 20163) er vakin athygli á því að fólk með meiri menntun er líklegra til að hafa betri skilning á heilsufari sínu, betri skilning á þeim meðferðum sem í boði eru og meiri hæfni til að hafa áhrif á eigin heilsu. Fólk með meiri menntun segist líka eyða færri dögum í rúminu og missa færri daga úr vinnu vegna veikinda. Alþjóðlegar kannanir hafa tengt menntun við heilsutengdar breytur svo sem heilbrigðari lífsmáta og öflugari forvarnir. Betur menntað fólk er ólíklegra til að reykja, drekka eða nota ólögleg lyf. Það er líka líklegra til að hreyfa sig meira, nota bílbelti, láta bólusetja sig og fara í skimun við ýmsum sjúkdómum. (GRALE, 2016)

3) UNESCO (2016). Third Global Report on Adult Learning and Education. [online] Hamburg: UNESCO Institute for Lifelong Learning. Available at: <http://unesdoc.unesco.org/images/0024/002459/245913e.pdf>.



Gott verklag

Austurríska Alpha-Power verkefnið (fékk EAEA Grundtvig-verðlaunin 2015) beindist að starfsfólki hjá hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum. Með sérsniðnum námskeiðum tókst að auka vitund og skilning starfsfólks á ýmsum stigum heilbrigðisþjónustunnar á erfiðri stöðu fólks með lágt menntunarstig, þ.á.m. hvað varðar heilbrigði þess hóps.

Auk þess að gera heilbrigðisstarfsfólk meðvitaðra um tengsl menntunar og heilsufars voru helstu markmið verkefnisins:

- að þróa fræðsluefni til dreifingar og leiðbeiningar;
- að auka aðgengi að umfjöllun um heilsufarsleg málefni;
- að efla heilbrigði einstaklinga með litla menntun að baki.

Heilbrigðisstarfsfólk á ýmsum sviðum var þjálfað til að auka margfeldisáhrifin á öllum samstarfsstofnunum.



Niðurstöður rannsókna

Fullorðinsfræðsla er ekki aðeins stuðningur til þess að öðlast meiri þekkingu, heldur einnig virk leið hvað varðar valdeflingu og andlega heilsu. Fullorðinsfræðsla er leið fyrir fólk til að lifa fyllra og hamingjusamara lífi og þá heilbrigðara lífi eins og rannsóknir sýna. Samkvæmt niðurstöðum BeLL rannsóknarinnar höfðu 84% svarenda upplifað jákvæðar breytingar á andlegri líðan og 83% höfðu upplifað jákvæðar breytingar á skynjun sinni á tilgangi lífsins eftir að hafa fengið fræðslu á fullorðinsaldri (<http://www.bell-project.eu/cms/>).

Lífsleikni fyrir einstaklinga



Það er réttmætt og eðlilegt að allir búi yfir þeirri grundvallarleikni og getu sem þeir þurfa til að takast á við líf og starf á 21. öldinni. Þetta tekur að sjálfsögðu til grunnleikni eins og læsis, talnalæsis sem og þeirra lykil færniþátta sem skilgreindir eru í endurskoðaðri útgáfu af Evrópska hæfnirammaþingnum í ævinámi (e. European Reference Framework of Key Competences for Lifelong Learning) sem staðfestur var af Evrópuráðinu árið 2018. Fullorðinsfræðsla veitir leikni og námsreynslu sem hefur fjölpætta kosti og ýmsar leiðir til að styðja einstaklingana í gegnum líf og störf. EAEA, ásamt meðlimum

og samstarfsaðilum, hafa þróað „ramma um lífsleikni“, sem sýnir fram á þörf fyrir víðtæka fræðslu alla ævi. Þróun hagkerfis, ný tækni og samfélagsbreytingar gera kröfu um reglubundna uppfærslu í lífsleikni okkar.

Fullorðinsfræðsla umbreytir lífi fólks og skapar ný tækifæri. Hún opnar fyrir ný atvinnutækifæri, opnar á leiðir til frekara náms, aðstoðar brottfallsnema við endurkomu í nám, virkjar listræna og menningarlega ástríðu fólks og leiðir til heilbrigði og velferðar.



Niðurstöður rannsókna


Námsárangur er ekki það eina sem er mikilvægt fyrir fólk: Rannsóknargögn (BeLL-rannsóknin) sýna að fullorðnir námsmenn upplifa margs konar ávinning af óformlegri fullorðinsfræðslu. Þeim finnst þeir heilbrigðari og virðast lifa heilbrigðara lífi; þeir mynda ný félagsleg tengsl og upplifa aukna vellíðan. Þar að auki virðast fullorðnir sem taka þátt í framsækinni fullorðinsfræðslu líklegri til að halda því áfram alla ævi og líta á nám sem tækifæri til að bæta líf sitt. Þátttakendur á ýmis konar námskeiðum, allt frá tungumálum og listum að íþróttum og samfélagsfræðslu, nefndu þessi atriði sem kosti fræðslunnar. Fullorðinsfræðslan nýtist sérstaklega þeim sem hafa litla formlega menntun að baki (http://www.bell-project.eu/cms/?page_id=10).



Gott verklag

Borgaranámskráin í Bretlandi (UK) er leið fyrir nemendur sem standa höllum fæti til að nálgast fullorðinsfræðslu sem tryggir að allir geti bætt enskukunnáttu sína, stærðfræðikunnáttu og aðra „lífsleikni“ sem aftur leiðir af sér meiri framfarir, árangur og væntingar – til vinnu og í vinnu, í námi, í einkalífi, fjölskyldulífi og í samfélagsþátttöku. Þessi leið stuðlar að námi í heimabyggð og virkjar nemendur til að móta innihald námsins. Leiðin tengir saman grunnfærni í ensku (eða ensku sem annað mál), læsi og talnalæsi með stafrænni, fjármálagri, heilsutengdri og borgaralegri færni. (<https://www.learningandwork.org.uk/our-work/life-and-society/citizens-curriculum/>).

Grundvallareining Borgaranámsskrárinnar er samþætting eins margra hæfni- og færniþátta í samræmi við samhengi námsins og þarfa nemenda. Námskráin er sveigjanleg og hana má aðlaga og nota á mismunandi svæðum og með ólíku innihaldi. Notendamiðuð nálgun á námsefni og kennslu eykur þátttöku og hvatningu til nemenda. Samþætting grunnfærni við aðra leikni og færni leiðir til jákvæðrar niðurstöðu fyrir nemendur, þar með talið stöðu þeirra á vinnumarkaði, viðhorf til náms verður jákvætt, þátttaka í félagslegum og borgaralegum athöfnun eykst og virkni þeirra sömuleiðis eins og niðurstöður kannana sýna.



Félagsleg samheldni, jöfnuður og jafnrétti



Menntunarstig hvers og eins hefur mjög mikil áhrif á tækifæri fólks í lífinu, allt frá atvinnutækifærum og að lífslíkum þess. Margar alþjóðlegar rannsóknir sýna að þeim sem gengið hefur vel í skóla og hafa lengri menntun, eru líklegri til að halda áfram námi.

Fullorðinsfræðsla ýtir undir félagslegan hreyfanleika og hún hjálpar fullorðnum einstaklingum sem ekki hafa lokið grunnmenntun sem og þeim sem hafa lokið henni að fylgja eftir áframhaldandi námi. Fullorðinsfræðsla veitir einstaklingum mörg tækifæri til að bæta eigið líf með grunnmenntun, framhaldsnámi og tungumálanámi. Fullorðinsfræðslan eykur einnig jafnrétti í samfélaginu og stuðlar að auknum hagvexti.

Nauðsynlegt er að ná til hópa sem stunda nám til að auka félagslega inngildingu (e. Social inclusion). Með réttum aðferðum er fólki auðveldað að taka virkari þátt – í samfélaginu, lýðræðinu, hagkerfinu, listum og menningu.

Fullorðinsfræðsla er sérlega öflugt verkfæri til að ná saman fólki úr mismunandi kimum samfélagsins, til að þróa gagnkvæman skilning og virðingu, auka félagslega virkni, persónulegan þroska og velferð. Það styður við samfélagið og lýðræðið og stuðlar að friði.





Niðurstöður rannsókna

Rannsóknir hafa leitt í ljós að fólk er mun hættara við útilokun hafi það ekki öðlast hæfni í að móta eigið líf á árangursríkan hátt. Þ.e.a.s. sú hæfni að bregðast við breytingum á lífshögum og lífsháttum (<https://eaea.org/project/life-skills-for-europe-lse/>). Þess vegna er fullorðinsfræðsla og menntun lykilatriði. Aukinn ávinningur af fullorðinsfræðslu – til viðbótar við áunna færni og hæfni – næst með tvennum hætti:

1. Persónuleg einkenni og geta: Fullorðinsfræðsla og nám eflir þroska í lykifærni, hæfni og persónulegan styrk auk þess að styrkja trú einstaklingsins á getu sína til að takast á við mótlæti.
2. Félagsleg gagnvirkni: Fullorðinsfræðsla auðveldar aðgang að einstaklingum og hópum með líkan og ólíkan félagslegan bakgrunn, hvetur til félagslegar samheldni og veitir tækifæri til félagslegrar þátttöku.



Gott verklag

Í Svíþjóð hafa lýðskóla námskeið sem hvetja unga atvinnuleitendur til að halda áfram námi, sýnt mjög góðan árangur. Að loknu slíku námskeiði héldu 40% þátttakenda áfram, annað hvort námi eða vinnu, og meira en tveir þriðju urðu áhugasamari um nám og fannst að menntun vísaði þeim veginn í störf. Um alla Svíþjóð eru sérstök námskeið í lýðskólum skipulögð fyrir innflytjendur til að styðja við samlögun þeirra að sænsku samfélagi, að auki er boðið upp á námshringi fyrir hælisleitendur. Þessi árangursríku sérverkefni eru möguleg vegna þess að þau byggja ofan á getu sem viðkomandi býr þegar yfir og eru unnin af opinberum stofnunum innan fullorðinsfræðslukerfisins.

Í spænsku símenntunarmiðstöðinni La Verneda – Sant Martí þykir mjög mikilvægt að taka vel á móti nemum sem eru að koma í fyrsta sinn og það er gert persónulega. Hverjum einstaklingi sem kemur í skólann er gefinn góður tími. Þátttakendur fyrri ára gegna lykilhlutverki í móttökunni, skráningunni og skiptingu í hópa, vegna þess að þeir hafa samskiptahæfni og skilning á því hvernig það er að mæta í fyrsta skipti. Ákvörðun um á hvaða stig nýi þátttakandinn er settur byggist á samtali og samkomulagi. Þess er gætt að hver einstaklingur skilji ferlið sem hann eða hún er í og er settur í hóp og á það stig þar sem hann nær bestum árangri. Starfsmenn og sjálfbóðaliðar forðast að láta þátttakendum finnast þeir vera í prófi.

Starf og vinna




Hin jákvæðu tengsl milli náms og vinnu eru augljós: Þau sem eru í námi, hvort sem þau eru launþegar, frumkvöðlar eða sjálfboðaliðar, eru frumlegri og afkastameiri – þannig verða fyrirtæki samkeppnishæfari og ná meiri árangri. Tölvuvæðing, hnattvæðing, þjónustumiðun, sveigjanleiki: allir þessir meginstraumar á vinnumarkaði eiga eitt sameiginlegt: þeir auka og breyta kröfunum sem gerðar eru til starfsmanna. Þetta er ekki ný þróun. Það sem er nýtt er að kröfurnar breytast hraðar en nokkru sinni fyrr.

Þessir straumar auka í senn hraðann sem starfsmenn þurfa til að aðlaga sig sífelldum breytingum og öðlast nýja færni. Starfshæfni þarf stöðugt að endurnýja og hæfni á borð við félagslega hæfni og tjáningarhæfni verður ómissandi. Það er því rökrétt að nær

allar rannsóknir á þróun vinnumarkaðar og framtíðarvinnu leiði til sömu niðurstöðu: Til þess að ráða við yfirstandandi breytingar, eru sífelld þjálfun og vinnustaðanám einfaldlega óhjákvæmileg – ekki aðeins fyrir ófaglærða starfsmenn heldur fyrir alla starfsmenn. Jafnframt eykur fullorðinsfræðsla þrautseigju og dregur úr áhrifum á minnkandi sjálfstraust vegna langvarandi atvinnuleysis.

Ófaglærðir einstaklingar eru sérlega viðkvæmir fyrir breytingum á vinnumarkaði. Þetta kallar á áframhaldandi fjárfestingu í menntun og þjálfun. EAEA leggur því áherslu á mikilvægi aukinnar menntunar og endurmenntunar og undirstrikar að allt nám er til hagsbóta fyrir vinnumarkaðinn.





Niðurstöður rannsókna

Í Cedefop rannsóknarskýrslunni (2012), Framtíðarfærni, framboð og eftirspurn í Evrópu – Spá, er niðurstaðan sú að (...) þörf er á að viðhalda, eða jafnvel auka við fjárfestingu í menntun og þjálfun af hálfu ríkisvaldsins, fyrirtækja og einstaklinga, þrátt fyrir núverandi þrýsting um hagræðingu. Það eru að mestu leyti fullorðnir verkamenn sem þörf er fyrir á vinnumarkaði og þurfa að takast á við breytingar í framtíðinni. Skapa þarf tækifæri til að gera þeim kleift að læra og fá réttindi til annarra starfa hvenær sem er á lífsleiðinni. Ef þessi tækifæri bjóðast ekki er hættu á að ófaglærðir einstaklingar dagsins í dag verð í auknum mæli langtíma atvinnulausir. ([http:// www.cedefop.europa.eu/files/5526_en.pdf](http://www.cedefop.europa.eu/files/5526_en.pdf))



Gott verklag

Sett var á laggirnar verkefni í Sviss árið 2018 til að kynna þjálfun grunnfærni á vinnustöðum. Verkefnið styður fyrirtæki sem nýta fjármagn til að þjálfa grunnfærni starfsmanna sinna þannig að þeir eigi auðveldara með að takast á við breytingar á vinnumarkaði. Verkefnið er byggt á jákvæðri reynslu af GO-verkefninu í Sviss. Verkefnið sýndi að nám í grunnfærni á vinnustað kom sér vel, bæði fyrir starfsmenn og vinnuveitendur. (<https://www.sbf.admin.ch/sbf/de/home.html>)

Stafvæðing



Samfélag nútímans bregst nú við fjórðu iðnbyltingunni: stafrænu byltingunni. Hún hefur truflandi áhrif á vinnumarkaðinn og breytir í grundvallaratriðum eðli og framtíð vinnu, menntunar og þjálfunar. Að skilja tækifærin, áskoranirnar og áhrif stafrænu væðingarinnar á vinnu og menntun er mikilvægt fyrir hvern þann sem fæst við ævilangt nám og er lykillinn að persónulegri fullnægju og þroska, starfshæfni, félagslegri þátttöku og borgaralegri virkni. Allir þurfa nú að búa yfir nægilegri stafrænni færni til að geta tekið virkan þátt í samfélaginu.

EAEA hefur miklar áhyggjur af því að 43% fullorðinna Evrópubúa hafa ekki lágmarks stafræna hæfni. Fullorðnum sem ekki búa yfir nægilegri stafrænni hæfni er mjög hætt við félagslegri útilokun. Störfum sem krefjast stafrænnar hæfni mun fjölga um 12% fram til 2024. Geta til að fást við stafrænan búnað verður afar mikilvæg næstu 5 árin.⁴ Tækifærin sem fylgja stafvæðingu eru samt sem áður ójöfn. Fullorðnir sem standa höllum fæti og þeir sem eru jaðarsettir gætu þurft að horfast í augu við tvöfalt óhagræði í framtíðinni, vegna þess að þeir vita ekki af þessum breytingum eða vantar

leiðir til að aðlagast þeim. EAEA gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að tryggja að allir fullorðnir hafi aðgang að menntun og þjálfun í stafrænni færni, bæði í grunnfærni og fyrir lengra komna.

Tæknin er líka að breyta framtíðar kennslu og námi með ótal verkfærum sem bæta hvernig við kennum og lærum. Mikilvægt er að kennarar noti þessi verkfæri til að bæta vinnu sína, skapi tækifæri til þjálfunar og deili þekkingu og færni. Þess vegna er þörf fyrir bætt aðgengi að búnaði og þjálfun.

Stafvæðingin hefur þegar breytt, og heldur áfram að breyta, kringumstæðum okkar, hreyfanleika, umhverfi, samskiptum og flestum öðrum þáttum lífsins. Þetta mun einnig hafa áhrif á þá lífsleikni sem nauðsynleg er til að takast á við þessar breytingar og þarfir nemenda til samfélagsþátttöku. Fullorðinsfræðsla þjálfar nauðsynlega lífsleikni en gerir jafnframt ráð fyrir og mótar framtíðarþróun.

4) Accenture Skills of the Future Survey 2017



Niðurstöður rannsókna

Í Global Challenge Insight-skýrslunni, útgefin af The World Economic Forum (2016): Framtíð starfa – Áætlun um störf, færni og vinnuafli fyrir fjórðu iðnbyltinguna, er komist að þeirri niðurstöðu að það sé einfaldlega ekki hægt að hrinda núverandi tæknibyltingu í framkvæmd með því að bíða eftir að vinnuafli næstu kynslóðar verði betur undirbúið. Í staðinn er bráðnauðsynlegt að fyrirtæki taki virkan þátt í að styðja núverandi vinnuafli með endurmenntun, að einstaklingar taki frumkvæði varðandi eigin símenntun og að hið opinbera skapi hvetjandi umhverfi, fljótt og á skapandi hátt, til að styðja við frumkvæði einstaklinganna. http://www3.weforum.org/docs/WEF_Future_of_Jobs.pdf.



Gott verklag

HackYourFuture er nám sem hjálpar flóttamönnum í Hollandi að læra forritun og verða þannig fullgildir forritarar. Námið gengur út á að kenna nemendum hratt hvernig á að forrita og þróa færni sem þörf er fyrir á vinnumarkaði og tengir saman nemendur og fyrirtæki sem ráða forritara. Með öðrum orðum, námið er verkefnaamiðað þar sem nemendur þróa eigin hugmyndir, vinna með öðrum og læra í leiðinni. Stærstur hluti námsins fer fram á netinu í fjarnámi en svo eru haldnir fundir allar helgar í Amsterdam. Innan nokkurra mánaða frá fyrstu kennslustundum byrja flóttamennirnir að vinna að eigin verkefnum. Hingað til hafa 20 af þeim sem hafa útskrifast fengið vinnu og starfsþjálfun hjá fyrirtækjum vítt og breitt um Holland. <http://www.HackYourFuture.net/#/>

Fólksflutningar og lýðfræðilegar breytingar



Fullorðinsfræðsla skiptir öllu máli varðandi núverandi stöðu fólksflutninga og fólksflótta í Evrópu. Það sem skortir á í umræðunni er áhersla á opinbera stefnu (þar með talda menntun) til að hámarka ávinninginn af fólksflutningunum, til að styðja fólk við að samlagast samfélögum og takast á við staðbundinn þrýsting á þjónustu og innviði.

Að koma á laggirnar samtali milli menningarheima ýtir undir samskipti milli heimamanna og nýrra borgara. Það hjálpar innflytjendum að skilja menningu og samfélagssáttmála í nýjum heimkynnum og gefur heimafólki tækifæri til að meta að verðleikum aðra siði og þróa samfélagið þannig í átt að yfirveguðu lýðræði.

Við þurfum að tryggja aðgengileg menntunarræði á viðráðanlegu verði, virða og meta fyrra nám, og bjóða upp á tungumálanám fyrir innflytjendur og gera þeim kleift að verða virkir borgarar í nýju heimalandi. Fullorðinsfræðslan er ómissandi til að tryggja að einstaklingar og samfélagið njóti góðs af menntun og færni innflytjenda. Þannig má um leið styrkja einstaklinga og samfélög sem finnst þau hafa orðið útundan vegna fólksflutninga, til að ná fram nauðsynlegri færni til að tilheyra samfélaginu.

Við sjáum miklar lýðfræðilegar breytingar um alla Evrópu með öldrun íbúa, sem lifa og vinna lengur. Eldri borgarar eru stór hluti íbúanna



Saga nemanda

Fatima kom til Írlands í nóvember 2013 ásamt móður sinni og tveimur bræðrum. Hún bjó í Dublin í þrjú mánuði og flutti þá til Tullamore ásamt fjölskyldu sinni. Fatima er flóttamaður frá Afghanistan. Leið hennar lá um Íran og þaðan til Sírlands þar sem hún bjó í þrjú ár. Hún fékk stuðning dómsmálaráðuneytisins til að sækja tungumálanám þegar hún kom til Írlands. Henni fannst að bekkirnir væru of einsleitir og vildi vera innan um Íra. Henni var sagt frá starfsþjálfunartækifærinu Vocational Training Opportunities Scheme (VTOS) og hefur lokið sínu fyrsta ári þar. VTOS námskeiðið er til tveggja ára og þó nemendur taki að jafnaði yngra stig á fyrsta ári og lokapróf á seinna ári, fannst Fatimu hún ráða við að sitja tvö lokaprófsfög í einu og með stuðningi frá Tullamore Further Education Centre lærði hún eðlisfræði og efnafræði. Hún færði sér einnig í nyt aðstöðu í Athlon IT fyrir hagnýta þjálfun. Fatima er afar metnaðarfull og talar góða ensku, henni finnst hún hafa fengið góðan stuðning frá Laois og Offaly Education and Training Board og hún horfir vongóð fram á veginn.

og fer vaxandi. Sú staðreynd er verulega að breyta samfélögum okkar í grundvallaratriðum. Til þess að takast á við lýðfræðilegar breytingar í Evrópu þurfa borgarar að halda heilsu og virkni eins lengi og kostur er.

EAEA helgar sig virkri öldrun og ýtir undir sameiginlega sýn á virka þátttöku eldra fólks. Nám veitir þessi tækifæri og einungis er hægt að tryggja virka öldrun ef boðið er upp á nám á efri árum. Rannsóknir sýna að eldri borgarar í námi eru virkari, hafa meiri félagsleg tengsl, eru virkari sjálfboðaliðar, vinna lengur og eru

heilsuhraustari. Það er því nauðsynlegt að bjóða upp á hágæða námstækifæri fyrir eldra fólk. Það krefst nauðsynlegrar stefnumörkunar og að fjármagn, skipulag og aðgengi sé til staðar. Jafnvel á efri árum hefur nám jákvæð áhrif.

Þess utan er kynslóðablandað nám tækifæri fyrir eldra, reyndara fólk og ungt fólk að njóta góðs af þekkingu hvers annars sem og að samheldni kynslóðanna innan samfélaga Evrópu styrkist.



Niðurstöður rannsókna

Ein mesta áskorun á okkar tímum er hvernig samfélagið sér um fólk með heilabilun, hvernig einstaklingar geta og vilja halda sjálfstæði sínu og virkni. Nú þegar takast stofnanir (eins og Hogewey í Hollandi og Aigburth Care Homes í Leicester UK) á við þá áskorun. Þær hafa þróað frumlegar, mannúðlegar aðferðir við að sinna fólki með heilabilun. Nám á efri árum er ávallt í fyrirrúmi hjá þessum stofnunum og nemendur greina frá jákvæðum áhrifum á tilfinningalega og andlega heilsu. Því er haldið fram (Snowden, 2001 og Simone and Scullin, 2006) að andlega örvandi verkefni hafi jákvæð og langvarandi áhrif á hugann og geti jafnvel komið í veg fyrir eða tafið framgang heilabilunar og Alzheimers (<https://scholarcommons.scu.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=1144&context=psych>).



Gott verklag

Hið evrópska NEET-U verkefni leiddi saman tvær mikilvægustu áskoranir 21. aldar á sviði félags- og menntamála: Hvernig hægt sé að virkja á nýjan leik vaxandi fjölda reynslumikilla eldri borgara sem hafa starfsgetu og gera þá að lykilþátttakendum í að takast á við hina miklu aukningu á NEETs og öðrum félagslega jaðarsettum ungmennum í Evrópu. Aðstandendur verkefnisins skipulögðu fjögurra daga maraþon „Hackathon“ til að þróa skapandi stafrænt verkefni. Fleiri en 70 eldri borgarar voru virkjaðir og beðnir um að koma með fjölskyldumyndir eða myndir frá fyrri tíð sem sýndu mikilvægar minningar þeirra. Útkoman varð sýning á stórum og miðlungsstórum ljósmyndum, fengnum úr „hliðstæðu minni“ og varpað stafrænt á vegg, hurðir og horn í miðborginni. Bæði NEETs þátttakendurnir og eldri borgararnir lærðu margt nýtt, öðluðust sjálfstraust og fengu staðfestingu á eigin getu, styrkleikum, reynslu og persónueiginleikum af ýmsu tagi. Eldri borgarar geta verið virkir á nýjan hátt sem miðlarar með því að nýta tengslanet sitt og sambönd og opnað þau til hagsbóta fyrir nýja, félagslega frumkvöðla (<http://www.neetu.eu>).

Sjálfbærni



Í dag er sjálfbærni hnattrænt verkefni með hagrænum, félagslegum og umhverfislegum víddum. Fullorðinsfræðsla leggur sitt af mörkum til sjálfbærni á öllum stigum, ekki einungis með miðlun á færni, þekkingu og getu. Samfélagsleg þátttaka, borgaraleg virkni; heilsa og persónuleg velsæld eru einnig meðal helstu markmiða. Fullorðinsfræðsla veitir upplýsingar, umræðuvettvang og skapandi aðstæður til að þróa nýjan lífsstíl, ný verkefni og nýja nálgun sem er nauðsynleg fyrir sjálfbæra þróun.

Sé horft á Hnattræna dagskrá 2030 leggur fullorðinsfræðsla sitt af mörkum við að ná öllum 17 markmiðum sjálfbærrar þróunar með því að byggja undirstöður breytinga á félagslegum, pólitískum, hagrænum, vistrænum og menningarlegum sviðum. Í sérhverju hinna 17 markmiða felst að minnsta kosti eitt markmið um nám, þjálfun, menntun eða vitundarvakning varðandi

menntun. Á sama tíma er fullorðinsfræðsla og símenntun ekki einungis áfangamarkmið og leið til að ná sjálfbærnimarkmiðunum heldur sérstök markmið ein og sér. Samkvæmt sjálfbærnimarkmiðunum (SDG4) þarf að tryggja jöfnuð í gæðamenntun og tækifæri til símenntunar fyrir alla.

Fullorðinsfræðsla leggur mikið af mörkum til Lissabon-sáttmálans um sjálfbæran, skynsamlegan vöxt. Fullorðinsfræðsla ýtir undir fjölgun starfa og hagvöxt og sameiginlegan stafrænan markað. Með því að styðja við sjálfbærni leggur fullorðinsfræðslan sameiginlegum orkumarkaði lið ásamt framtíðarstefnu í loftslagsmálum. Fullorðinsfræðslan styrkir innri markaðinn, til dæmis með því að leggja til færni sem auðveldar frjálst flæði vinnuafls, auk þess að styrkja evrópsk gildi og traust.





Niðurstöður rannsókna

Rannsóknir á tengslum á milli líffræðilegs fjölbreytileika og menningarlegs fjölbreytileika sýna að í allt að 95% tilfella er landfræðileg skörun á milli mikils líffræðilegs og menningarlegs fjölbreytileika (Alcorn, samkvæmt Clover et al. 2010). Samt er dýrmætur alþýðufróðleikur ekki metinn að verðleikum né kynntur og þróaður innan skipulagðra menntunarverkefna – þrátt fyrir að hann geti haft sterk áhrif á viðnámsþrótt samfélagsins á margan hátt, t.d að koma í veg fyrir eða draga úr vaxandi hættu á náttúruhamförum, oft tengdum loftslagbreytingum. Erfitt er að ná fram hugarfarsbreytingu, svo sem að fara úr varnarleysi í sameiginlega þróun á valdeflandi samfélagi, – með öðrum hætti en með aðkomu fullorðinna borgara í menntaverkefnum og viðburðum (Orlovic Lovren and Pejatovic 2015)⁵.



Gott verklag

Hið gagnvirka safn „Shuqura“ fékk styrk frá DVV International í flokknum „Nýjungar í fullorðinsfræðslu“ til að setja á laggirnar verkefnið: „Sólareldhúsið eða parabólíska sólareldavélin“. Markmið verkefnisins var að innleiða notkun sólarorku sem einn orkumesta orkugjafa náttúrunnar og gera vistvænar eldunaraðferðir í Georgíu aðgengilegri. Með þetta að markmiði urðu til fimm sólareldavélar í Shuqura-safninu sem dreifði þeim á fimm símenntunarmiðstöðvar í Georgíu. Verkefnið eykur vitund um góða nýtingu náttúruauðlinda og gefur samfélögunum valkost um orkunotkun. Símenntunarmiðstöðvarnar nota sólareldavélar til hagsbóta fyrir samfélagið, matreiðslukennslu og við opinbera viðburði utandyra. Því til viðbótar settu miðstöðvarnar á fót ráðgjafapjónustu í umhverfismálum og vinna nú með bæjarfélögum að því að dreifa upplýsingum um vistfræðileg málefni, þar með talið sjálfbærar byggingar og efni ásamt félagslegri og umhverfislegri þróun.

Umweltberatung í Austurríki (vistráðgjöf) hefur þróað Orkusparnaðar-ökuskírteinið. Skírteinið er orkusparnaðartæki fyrir heimili, fyrir minni og miðlungsstór fyrirtæki og fyrir bæjarfélög til að mæta þörfum fyrir loftslagsvernd og orkusparnað. Orkusparnaður í daglegu lífi dregur úr orkukostnaði, sem er sérstaklega mikilvægt fyrir fólk og heimili við fátæktarmörk. Meðvituð notkun orku og þróun orkunýtings lífsstíls og hegðunar er því framlag til að draga úr kostnaði og berjast gegn fátækt. Meðvituð orkunotkun í vinnunni eykur samkeppnishæfni með því að draga úr kostnaði. Meðferð náttúruauðlinda hjá fyrirtækjum getur líka hvatt starfsmenn til að auka sjálfbærni í eigin lífi. (<http://www.umweltberatung.at/ueber-uns-international> and <https://energie-fuehrerschein.at/>).

5) Lovren, V. O., & Popović, K. (2018). Lifelong Learning for Sustainable Development—Is Adult Education Left Behind?. In Leal Filho, W., Mifsud, M., & Pace, P. (Eds.), Handbook of Lifelong Learning for Sustainable Development (pp. 1-17). Springer, Cham.

Fullorðinsfræðsla og evrópsk & alþjóðleg stefna



Eins og þessi stefnuyfirlýsing ber með sér er fullorðinsfræðsla nauðsynleg til að hrinda flestum stefnumálum Evrópu og alþjóðasamfélagsins í framkvæmd:

- Fullorðinsfræðsla leitast við að ná til og styðja við þá sem standa höllum fæti varðandi nám eða vinnu og þá sem minnstan ávinning hafa fengið úr grunnenntun sinni.
- Fullorðinsfræðsla er nauðsynleg til að draga úr þeim mikla fjölda fólks í Evrópu sem hefur litla grunnleikni.
- Fullorðinsfræðsla gefur íbúum Evrópu kost á að öðlast hæfni til gagnrýninnar hugsunar og að verða vel upplýstir.
- Fullorðinsfræðsla veitir einstaklingum tækifæri til að auka sjálfstraust, taka meiri þátt í samfélaginu og að fá vinnu eða öðlast framgang í vinnu.
- Fullorðinsfræðsla eykur atvinnuþátttöku í Evrópu með því að koma fólki aftur í vinnu, með því að staðfesta hæfni og getu eða bæta færni fólks.
- Fullorðinsfræðsla innleiðir „Stoðir félagslegra réttinda ESB“, einkum fyrstu lykilatriðin í menntun, þjálfun og símenntun en einnig önnur grundvallaratriði með því að setja nemandann og þarfir hans (t.d. starfsjafnvægi og félagslega vernd) í brennidepil.
- Fullorðinsfræðsla setur gildi Evrópsku áætlunarinnar, svo sem sanngirni, samheldni samfélagsins, virka borgaravitund og einnig sköpunargleði og nýsköpun, í forgrunn.
- Fullorðinsfræðsla miðlar markmiðum sjálfbærrar þróunar áfram og undirstrikar að framlag allra er nauðsynlegt. Fullorðinsfræðsla tryggir nauðsynlega þekkingu og viðhorf.
- Fullorðinsfræðsla styrkir borgaralegt samfélag og virka borgara með því að kynna og láta í té félagslega og borgaralega færni og með samvinnu við önnur áhugamannasamtök.



Tillögur að stefnu

EAEA leggur til að þeir sem móta stefnuna í Evrópu og einstökum löndum:

- Viðurkenni gagn og mikilvægi óformlegrar fullorðinsfræðslu – fyrir einstaklinginn en einnig fyrir lýðræðið, samfélagið, vinnumarkaðinn, heilbrigðiskerfið og aðra innviði.
- Viðurkenni nám og menntun fullorðinna sem lykilatriði fyrir Evrópu.
- Noti samráðsvettvanginn „European Semester“ sem lykiltæki til að styðja og þróa fullorðinsfræðslu.
- Breyti evrópska menntunarsvæðinu í evrópska símenntunarsvæðið þar sem öll svið hafi jafna stöðu og forgang.
- Nálgist innleiðingu „Stoða félagslegra réttinda ESB“ frá borgaramiðun sjónarhorni með áherslu á símenntun.
- Kynni samvinnu um og stuðning við símenntun í Evrópulöndunum og annars staðar í veröldinni.
- Styrki (óformlegt) fyrirkomulag fullorðinsfræðslu, stefnu og frumkvæði á öllum stigum – Evrópustigi, landsstigi, svæðisstigi eða staðbundið.
- Felli símenntun inn í aðra opinbera stefnu og verkefni (t.d sjálfbærni, heilsu, atvinnu, fólksflutninga).
- Auki samvinnu, samráð og nám á milli stefnu, framkvæmdar og rannsókna.
- Komi á fót og/eða auki samtal borgaranna um fullorðinsfræðslu.
- Þrói og innleiði öflugt stjórnunar- og fjármögnunarkerfi, sem tryggi að símenntun eflist og dafni.
- Fjárfesti (með fjárframlögum) í fullorðinsfræðslu og líti á hana sem fjárfestingu en ekki kostnað.
- Komi á fót heildstæðu símenntunarkerfi sem gerir framþróun mögulega, einnig með staðfestingu og viðurkenningu.
- Fjármagni og styðji nám í samfélögum.

Frá störfum og vexti að stafrænum innri markaði, frá loftslagbreytingum til innri markaðar, frá fólksflutningum til hnattrænna viðfangsefna og lýðræðislegra breytinga, bætir fullorðinfræðsla innleiðingu evrópskra og alþjóðlegra áætlana. Til þess að þróast að samheldinni, velmegandi, friðsælli Evrópu sem er fær um að takast á við áskoranir framtíðarinnar á jákvæðan hátt, er fullorðinsfræðsla ómissandi.



Publisher: European Association for the Education of Adults – EAEA

Text: Gina Ebner and Ricarda Motschilnig (EAEA), with the support of the EAEA members, the Executive Board and the Secretariat.

Layout: Sanna Lehti

Year: 2019



Ministry of
Education
and Culture

Upprunalega útgáfan á ensku var gefin út með fjárhagslegum stuðningi frá finnska menntamálaráðuneytinu.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna útgáfu þessa rits jafngildir ekki stuðningsyfirlýsingu við innihald þess sem endurspeglar einungis skoðanir höfunda, og framkvæmdastjórnin getur ekki verið ábyrg fyrir hvers konar notkun upplýsinga sem þar er að finna.



**EUROPEAN ASSOCIATION FOR
THE EDUCATION OF ADULTS**

**Mundo-J, Rue de l'Industrie 10, 1000 Brussels
Tel. +32 2 893 25 22 eaea-office@eaea.org
www.eaea.org**